

Starfskjarastefna Norðurorku hf.

Starfskjarastefna Norðurorku hf. er sett í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hún byggir jafnframt á leiðbeiningum um góða stjórnarhætti fyrirtækja og er ætlað að treysta viðleitni félagsins til að veita góða þjónustu og tryggja langtímahagsmuni félagsins.

Stjórn Norðurorku skal setja fyrirtækinu starfskjarastefnu sem felur í sér hófsemi varðandi laun- og starfskjör starfsfólks. Laun stjórnenda skulu standast samanburð við sambærileg störf, þó að teknu tilliti til þess að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila. Launakjör stjórnenda og annars starfsliðs Norðurorku skulu ekki vera leiðandi á vinnumarkaði.

Stefnan miðar að því að starfskjör hjá Norðurorku séu samkeppnishæf svo að fyrirtækið geti ráðið og haldið í hæft starfsfólk til að standa vörð um hlutverk þess. Starfskjarastefnan hefur langtímahagsmuni Norðurorku að leiðarljósi, og skal stuðla að stöðugleika í rekstri og uppbyggingu þekkingar.

1. Starfskjör

Starfskjör skulu vera samkeppnishæf við kjör í sambærilegum félögum þó að teknu tilliti til þess að Norðurorka hf. er í eigu opinberra aðila. Jafnræði og gagnsæi skal haft til hliðsjónar við ákvörðun launa og sambærileg laun skulu greidd fyrir sambærilegt vinnuframlag og árangur. Kynbundinn launamunur má ekki vera til staðar.

2. Stjórn félagsins

Stjórnarmönnum félagsins skal greidd þóknun samkvæmt ákvörðun aðalfundar félagsins ár hvert. Á aðalfundi skal jafnframt tekin ákvörðun um laun fyrir setu í undirnefndum stjórnar, ef við á. Skal þóknunin taka mið af þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir og því flókna umhverfi sem félagið starfar í, vinnuframlagi sem þörf er á starfsins vegna auk þess sem litið skal til þóknunar til stjórnarmanna sambærilegra félaga.

3. Starfskjör forstjóra

Stjórn ræður forstjóra og ákveður starfskjör hans og endurskoðar reglulega eftir því sem við á og með hliðsjón af 1. gr. starfskjarastefnunnar. Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

4. Starfskjör sviðsstjóra

Forstjóri ræður þá stjórnendur, sem heyra beint undir hann í skipuriti. Hann ákvarðar laun þeirra og endurskoðar þau reglulega með hliðsjón af 1. gr. starfskjarastefnunnar. Stjórnendur ráða annað starfsfólk og ákvarða laun þeirra í samráði við forstjóra og mannauðsstjóra.

5. Starfslok

Ekki skal gera samninga við stjórnendur, sem fela í sér starfslokagreiðslur umfram skyldur félagsins samkvæmt lögum og kjarasamningum, *nema með samþykki stjórnar*.

6. Samþykkt, endurskoðun og upplýsingagjöf.

Stjórn skal árlega yfirfara stefnuna og gera tillögur að breytingum ef ástæða þykir.

Starfskjarastefna skal samþykkt á aðalfundi, með eða án breytinga.

Stjórn skal hafa eftirlit með að starfskjarastefnunni sé framfylgt.

Starfskjarastefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu Norðurorku.

Gera skal árlega grein fyrir þóknun stjórnar og framkvæmdastjóra í ársreikningi fyrirtækisins.

Samþykkt á aðalfundi 9. apríl 2025